

Auglýsing

15

27. mars

um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum.

Ein og sama stafsetning skal höfð:

1. Í öllum þeim skólum, sem eru kostaðir eða styrktir að einhverju leyti af landssjóðsfje.
2. Á öllum þeim bókum, sem notaðar eru við kenslu í þessum skólum, jafnóðum og bækurnar eru til með þeirri stafsetningu, sem fyrirskipuð er með þessari auglýsingu.
3. Á öllum þeim bókum, sem hjer eftir verða gefnar út á kostnað landssjóðs, eða með styrk af landssjóðsfje. Þó má halda sömu stafsetningu á þeim ritum, sem byrjuð eru að koma út í heftum eða bindum, ritverkið á enda.

Þessum stafsetningarreglum skal fylgt:

1. Granna raddstafi einfalda skal rita næst á undan *ng* og *nk* í sömu samstöfu, en hvorki tvíhljóða nje breiða raddstafi, nema *æ* (og *ó* má rita í samandregnum orðum, t. d. kóngur); t. d. langur, hönk, en ekki lángrur, haunk; en aftur á móti vængur.
2. Rita skal *je* (ekki *é*) þar sem svo heyrir í framburði.
3. Stafina *y* og *y* skal rita í stað *i* og *í*, þar sem í rót orðsins er *o*, *u*, *io*, *iu* (*jo*, *ju*), eða *ó*, *ú*, *ió*, *iú* (*jó*, *jú*).
4. Rita skal í alislenskum orðum *f* og *g* næst á undan *t* í sömu samstöfu, en ekki *p* nje *k*, nema rótin (í öðrum myndum orðsins) endi á þeim stöfum; t. d. skrift, vigt, en ekki skript, vikt; en aftur á móti slakt, (af slakur), lapti, (af lepja).
5. Eigi skal rita *j* næst á eftir *g* eða *k*, ef á eftir þeim stöfum fer í sömu samstöfu *e*, *i*, *í*, *æ*, *au*, eða *ey*, t. d. gefa, gær, gekk, (en ekki gjefa, gjær, gjekk).
6. Rita skal *s* (en ekki *z*) alstaðar, þar sem s-hljóð heyrir í framburði. En rita skal *t* á undan *st* í sagnorða beygingum þar sem rót orðsins endar á *t*, eða *tt* (flutst, af flytja; hitst, af hitta).
7. Tvöfaldan samhljóð á undan öðrum samhljóð skal að eins rita:
 - a. ef á eftir fer beygingarending, sem byrjar á *n* eða *r*, eða fallending á *s*, eða *n* fer á eftir *ll*: t. d. brekkna, fullra, manns, fallnir.
 - b. í samsettum orðum, er viðskeytta orðið byrjar á samhljóði, svo og ef greinirinn er skeyttur aftan við (hreppnum, leggnum, bekknum).
Raddstafabráðurnir *j* og *v* eru hjer (í 7. tölulið) ekki taldir sem samhljóðendur.

Að öðru leyti en því sem hjer er tekið fram, skal vísað til stafsetningarreglna bls. 42—51 í Ritreglum eftir Valdimar Ásmundarson 6. útgáfu, 1907, og

15 Íslenskrar stafsetningarbókar eftir Björn Jónsson, þangað til út verða gefnar ítar-
27. mars legri reglur fyrir hinni fyrirskipuðu stafsetningu, og stafsetningarbók samkvæmt
henni er út komin.

Þetta er hjer með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 27. mars 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Reglugiörð

16
30. mars

til bráðabirgða um, hvernig málefnum þeim, er hingað til hafa
heyrt undir bæjarfógetann í Reykjavík, skuli skilt á bæjarfógeta-
embættið og lögreglustjóraembættið í Reykjavík, eins og þau
embætti verða 1. apríl 1918 samkvæmt lögum nr. 26, 26. okt. 1917.

I.

Bæjarfógetaembættið.

Bæjarfógetaembættinu fylgja þau störf, er hjer segir:

- Dómsmál.
- Skiftamál.
- Fógetagjörðir.
- Uppboð.
- Dómkvaðning manna og skipun utan rjettar.
- Þinglýsingar.
- Notarialgjörðir.
- Skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir
af bæjarfógeta.
- Borgaraleg hjónavígsla.
- Hjónaskilnaðarmál að því leyti er koma til sýslumanna.
- Yfirfjárráð ólögráðra.
- Dómsmála-, skifta- og yfirfjárráðaskýrslur.
- Strandmál.